

UNGIR SPRETTARAR

2022 – 2023

Æskulýðsskýrsla Spretts



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
YNGRI FLOKKA RÁÐ	3
A. BARNNA- OG UNGLINGARÁÐ.....	4
B. UNGMENNARÁÐ.....	5
ÆSKULÝÐSNEFND SPRETTS	6
FÉLAGSLEGIR HITTINGAR OG SKEMMTUN	6
REIÐSKÓLINN HESTALÍF	9
NÁMSKEIÐAHALD	9
A. POLLAFLOKKUR.....	10
B. BARNNA-, UNGLINGA- OG UNGMENNAFLOKKUR	10
MÓTAHALD Á VEGUM ÆSKUNNAR	11
A. BLUE LAGOON DEILDIN	11
B. GÆÐINGAFIMMÓT	12
C. HINDRUNARSTÖKKSMÓT	12
D. ÆFINGAMÓT INNANHÚSS.....	12
FÉLAGSHESTHÚS	13
FJÁRÖFLUN	13
UTANLANDSFERÐ - SWEDEN INTERNATIONAL HORSE SHOW	14
YFIRÞJÁLFARI	14
FRAMTÍÐIN	15

Inngangur

Starf yngri flokka hestamannfélagsins Spretts hefur tekið miklum breytingum síðastliðið ár. Yfirþjálfari yngri flokka, Þórdís Anna Gylfadóttir, var ráðinn til starfa haustið 2021 og að loknu fyrsta starfsári hennar (haustið 2022) lagði hún fram þó nokkrar tillögur til breytinga sem hafa skipt sköpum og breytt starfi yngri flokka félagsins til hins betra. Það er gaman að sjá það traust sem ríkir á milli yfirþjálfara og ungra Sprettera. Félagið hefur boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða, hugað er að mismunandi áhugasviðum og getustigum, boðið er upp á fleiri félagslega hittinga, þátttaka hefur aukist og samheldni og félagsandi ungra Sprettera hefur eflst til muna sem er afar ánægjulegt að sjá.

Uppskeruhátíð yngri flokka 2022

Ákveðið var í samráði við stjórn að halda sérstaklega uppskeruhátíð fyrir börn og unglunga félagsins haustið 2022. Það var í fyrsta sinn sem haldinn var sér uppskeruhátíð fyrir þau með slíkum hætti en áður hafði þeirra hátíð verið meira í formi fundar sem ekki þótti mjög skemmtilegt. Þar sem Sprettur heldur uppskeruhátíð sem er eingöngu ætluð 18 ára og eldri þótti því tími til kominn að halda almennilega uppskeruhátíð einnig fyrir börn og unglunga félagsins. Eftir sem áður eru ungmenni félagsins heiðruð með fullorðnum. Uppskeruhátíð barna- og unglunga var haldin 21.nóvember 2022. Boðið var til þriggja rétta veisluhlaðborðs ásamt skemmtiatriðum og verðlaunaveitingum. Að kvöldi loknu fóru allir heim með glaðning. Mikil vinna var lögð í uppskeruhátíðina af hálfu æskulýðsnefndar. Ákveðið var að setja saman vídeó og myndasyrpu af starfi vetrarins sem vakti mikla gleði meðal ungra Sprettera og rifjaði upp það sem gert hafði verið. Útbúin voru vídeó/myndasyrpur af verðlaunahöfum ásamt því að lesa upp texta með afrekum viðkomandi, svolítið í anda Uppskeruhátíðar Landsambands hestamannafélaga. Veitt voru verðlaun fyrir þá sem voru stigahæstir í barna- og unglungaflokki, bæði stúlkur og strákar. Einnig voru veitt hvatningarverðlaun sem eru veitt þeim sem sýna miklar framfarir, góða ástund og íþróttamannslega hegðun innan og utan vallar. Ungir Sprettarar og foreldrar þeirra voru



ánægð með Uppskeruhátíðina og óskuðu eftir því að þetta yrði gert að föstum lið í æskulýðsstarfinu. Æskulýðsnefnd hefur tekið vel í þá beiðni og stendur til að halda einnig sambærilegan hitting fyrir alla þá fjölmörgu polla sem sótt hafa námskeið á vegum félagsins.

Frá verðlaunaafhendingu á Uppskeruhátíð yngri flokka 2022.

Yngri flokka ráð

Á uppskeruhátíð yngri flokka Spretts þann 21. nóvember 2022 var ákveðið að stofna til yngri flokka ráða innan félagsins. Úr varð að stofnað var annarsvegar barna- og unglungaráð og hinsvegar ungmennaráð en um helmingur félagsmanna í hestamannafélaginu Spretti

tilheyra yngri flokkum félagsins. Tekið var til starfa strax að lokinni Uppskeruhátíð og hafa ráðin fundað með yfirþjálfara félagsins reglulega. Það kom strax í ljós að yngri flokkar félagsins höfðu mikið fram að færa og mótuðu margar frábærar hugmyndir sem þau létu verða að veruleika í samstarfi við yfirþjálfara og æskulýðsnefnd og taldar verða upp hér fyrir neðan. Þau voru ánægð með að hafa nú ákveðna og skýra leið til að láta sínar hugmyndir verða að veruleika. Þau hafa nýtt sér yfirþjálfara félagsins til skrafs og ráðagerða og eru ánægð með að nú er tekið meira tillit til þeirra óska í framboði á námskeiðahaldi á vegum félagsins og skipulagningu á tímum reiðhallanna.

a. Barna- og unglíngaráð

Í Barna- og unglíngaráði sitja; Elva Rún Jónsdóttir formaður, Hulda Ingadóttir, Óliver Gísli Þorrason, Jóhanna Sigurllíja Sigurðardóttir, Kristín Elka Svansdóttir og Kári Sveinbjörnsson. Barna- og unglíngaráð er mjög duglegt að funda og reka á eftir yfirþjálfara ef þeim finnst líða of langur tími á milli funda. Eitt fyrsta verkefni þeirra var að koma á laggirnar boðleið og vettvangi fyrir samskipti þeirra á milli. Instagram reikningur, #ungirsprettarar, var endurvakinn og er nú í þeirra umsjón sem þau hafa nýtt sér til að auglýsa viðburði og hittinga sín á milli. Þau óskuðu eftir fleiri félagslegum hittingum fyrir utan hefðbundna reiðtíma og námskeið. Þau vildu hafa vettvang og tækifæri til þess að hittast og mynda tengsl sín á milli. Þau sögðu að það væri mikilvægt að eiga vini í íþróttinni sem öllu jafna er einstaklingsíþrótt en þau vildu tilheyra hópi og eignast vini með sömu áhugamál. Þau hafa því komið að skipulagningu fjölmarga viðburða og notið til þess aðstoðar æskulýðsnefndar. Sem dæmi má nefnd að haldin hafa verið bíókvöld, bingókvöld, leikja og spilakvöld þar sem vinsælt er að fara inn í reiðhöll í leiki. Þetta þarf því alls ekki að vera flókið né dýrt til að upplifa þessa þörf fyrir að hittast og mynda félagsleg tengsl við jafnaldra sína með sama áhugamál. Þeirra stærsta ósk var að fara erlendis á hestasýningu. Ljóst var að til þess að það yrði að veruleika yrðu þau að leggja mikið á sig. Mikilvægt var að bjóða upp á fjáröflun svo sem flestir ættu kost á því að taka þátt í svona stóru verkefni. Áhuginn og metnaðurinn kom fullorðna fólkinu verulega á óvart, þau hafa ekki slegið slöku við og hafa verið óþreypandi í fjáröflun. Meira um þetta verkefni í sér kafla hér neðar í skýrslunni. Þau hafa líka verið ófeimin við að senda framkvæmdastjóra og stjórn tillögur um það sem betur má fara, t.d. flokkun á rusli í reiðhöll, fundarherbergjum og veislusal félagsins. Það er gott merki um það hvað þau hugsa vítt og breitt og er ágætis aðhald fyrir fullorðna fólkið. Það er eftirtektarvert



að sjá hvað þau vilja láta gott af sér leiða. T.d. hafa þau óskað eftir því að bjóða vinum og frændsystkinum með sér á hittinga og þau hafa lagt fram umsókn til Menntamálaráðuneytis þess efnis að halda reiðhallarsýningu, m.a. fyrir börn og fjölskyldur af erlendu bergi brotnu svo þau geti kynnst hestamenskunni. Fleiri frábærar hugmyndir hafa komið upp á borðið sem vonandi verður hægt að framkvæma með þeim því ljóst er að hugmyndaflugið og krafturinn er nægur.

Barna- og unglíngaráð Sprettis 2023.

Frá formanni Barna- og unglingaráðs, Elva Rún Jónsdóttir:

“Haustið 2022 var sett á laggirnar Barna- og unglingaráð Sprettis. Það hefur verið mjög gaman að sitja í nefndinni og okkar helsta markmið er að reyna að betrubæta félagslífið hjá okkur yngri flokkunum í Spretti og hafa meira gaman saman. Við í nefndinni hittumst reglulega og skipuleggjum eitthvað skemmtilegt hópefli og hittinga, ýmist með eða án hesta. Við höfum nú þegar verið með tvö bíókvöld sem hafa tekist mjög vel, bingókvöld, okkar eigin uppskeruhátíð, opna tíma í reiðhöllinni bara fyrir okkur og fáum þá gjarnan einhverja reiðkennara til að koma og hitta okkur. Stundum förum við bara í leiki, því það verður að hafa gaman, annars er svo leiðinlegt. Við förum líka reglulega í sameiginlega reiðtúra. Næst stefnum við á að fara í heimsmeistarameisla til Jóhönnu Margrétar Snorradóttur. Sá viðburður sem við höfum verið að skipuleggja núna í að verða heilt ár er utanlandsferð til Svíþjóðar á hestasýninginu. Þetta er okkar stærsti “viðburður” hingað til og við erum gríðarlega spennt. Við höfum verið með allskonar fjáröflun í gangi til að safna okkur upp í ferðina eins og sölu á Sprettis húfum, höfum staðið sjoppuvaktir, verið með happdrættis sölu og margt margt fleira. Fjáröflunin hefur verið mjög skemmtileg og gaman að kynna krökkunum betur þegar við erum að vinna saman. Við stefnum á að halda áfram að búa til fleiri viðburði fyrir unga Sprettara. Meginástæða þess að við erum að þessu er að reyna að koma yngri krökkunum í félaginu saman því það er svo miklu skemmtilegra að vera einn stór hópur heldur en nokkrir einstaklingar.”

b. Ungmennaráð

Í Ungmennaráði sitja; Hulda Sveinbjörnsdóttir formaður, Sigurður Baldur Ríkhartsson, Hekla Hannesdóttir, Marín Imma Richards (er erlendis) og Victoria Bönström. Ungmennaráð fundar reglulega, ca. 1x annan hvern mánuð en samskiptamiðlar líkt og facebook messenger er mikið notaður til að koma skilaboðum og hugmyndum þeirra á milli sem og yfirþjálfara. Meðal þess sem þau óskuðu eftir voru námskeið sem haldin væru sérstaklega fyrir þau, þ.e. ungmennaflokk. Á þessum aldri hefur þeim fundist erfitt að staðsetja sig, finnst þau ekki tilheyrja námskeiðahaldi í barna- og unglingaflokki en eiga jafnframt erfitt með að mæta á námskeið með fullorðnum. Þau óskuðu því eftir að samhliða almennu námskeiðahaldi yrði einnig boðið upp á námskeið sem haldin væru eingöngu fyrir ungmennaflokk og einnig viðburðum, líkt og sýnikennslum og vísindaferðum.

Farið var í vísindaferð til Olil Amble og co. hjá Gangmyllunni þar sem ungmennin sóttu einkatíma, fengu fyrirlestur og sýnikennslu hjá Olil. Ungmennin voru virkilega ánægð með daginn, þau hópuðu sig saman í bíla og kerrur og áttu góðan dag saman sem án efa þétti hópinn. Ákveðið hefur verið að endurtaka leikinn næsta vetur og þá jafnvel oftast en einu sinni. Keppni er þeim mörgum hugleikin og töluðu um að mikilvægt væri fyrir þau að fá æfingartíma til að æfa einstaklingsprógramm, þar sem í Ungmennaflokki ríður þú oftast einn inn á vellinum í keppni, ólíkt því sem er í barna- og unglingaflokki þar sem allt að 3 eru inn á í einu. Ungmenni félagsins hafa lýst yfir áhuga á að taka að sér verkefni innan félagsins, s.s. mótahald þar sem þau vilja gjarnan læra hvernig á að halda mót og taka ábyrgð á því.

Frá formanni ungmennaráðs, Hulda María Sveinbjörnsdóttir:

“Það er mjög mikilvægt að það sé búið að stofna Ungmennaráð innan félagsins. Með þeim hætti getum við haft áhrif á það sem er boðið upp á í félaginu bæði varðandi kennslu og undirbúning fyrir keppnistímabil. Sérstaklega í ljósi þess að það er stórt stökk að fara frá unglingaflokki upp í ungmennaflokk því þar eru prógrömmir orðin einstaklings. Með tilkomu

ungmennaráðs hefur einnig orðið meiri samheldni á milli ungmennanna í félaginu sem er skemmtilegt.”

Æskulýðsnefnd Spretts

Í æskulýðsnefnd Spretts sitja: Þórunn Hannesdóttir, formaður, Erla Magnúsdóttir og Inga Berg Gísladóttir. Nefndin er vel skipuð öflugum einstaklingum. Með nefndinni starfar yfirþjálfari yngri flokka, Þórdís Anna Gylfadóttir. Með æskulýðsnefnd starfar einnig sér nefnd sem kemur að Blue Lagoon mótahaldi fyrir yngri flokkana. Það eru þau Sigurður Halldórsson, Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Hannes Sigurjónsson og Inga Christina Campos. Ótrúlega mikið starf hefur verið unnið af hendi æskulýðsnefndar og Blue Lagoon nefndar, allt að sjálfsögðu í sjálfböðastarfi sem ber að þakka fyrir. Æskulýðsnefnd fundar reglulega og er í miklum samskiptum þess á milli. Áhersla æskulýðsnefndar síðasta árið var að efla sérstaklega yngstu knapana í félaginu, pollaflokkinn.

Félagslegir hittingar og skemmtun

Æskulýðsnefnd hefur verið dugleg að aðstoða börn, unglinga og ungmenni í Spretti við að skipuleggja félagslega hittinga og skemmtun. Eins og fram kom að ofan finnst þeim mikilvægt að hafa vettvang til að hittast utan keppni og reiðtíma, hittingar án hesta eins og þau kalla það gjarnan. Haldin hafa verið bíókvöld í tvígang, það fyrra í janúar 2023 og seinna nú í september 2023. Reynt hefur verið að mæta óskum þeirra um veitingar og bíómyndaval, m.a. leigð poppvél sem formaður Æskulýðsnefndar reyndi að læra á, krapvél, keypt í nammibar og öllum ungum Spretturum boðið sér að kostnaðarlausu. Sérstaklega góð mæting var á seinna bíókvöldið sem endaði svo í leikjum inni sal þar sem allir skemmtu sér vel.

Bingókvöld hafa verið haldin, jólabingó og páskabingó með vinningum sem eru gefnir af fjöldamörgum fyrirtækjum og svo stefnt að öðru fjáröflunarbingó fyrir jólin 2023.

Farið var í nokkra sameiginlega reiðtúra þar sem börn og unglingar mættu og fóru í reiðtúra með yfirþjálfara Spretts og fulltrúum æskulýðsnefndar, oftast um fallegu Heiðmörkina okkar. Allir fengu pizzu á eftir og kvöddu sáttir eftir skemmtilega kvöldstund saman.

Góð nýting var á opnu frjálsum tímum í reiðhöllunum frá desember 2022 fram í maí 2023, bæði með og án reiðkennara. Yngri flokka ráðin voru dugleg að óska eftir reiðkennurum og gera auglýsingarnar sjálf á miðli sínum á Instagram. Tveir opnir tímar eru í boði í hverri viku, einn tími í Samskipahöllinni og einn tími í Húsasmiðjuhöllinni. Farið var í leiki, reiðkennsla, sett upp braut fyrir hindrunarstökk og margt fleira. Mikilvægt er að boðið sé uppá þjálfunartíma í reiðhöllunum sem eingöngu er ætlað unga fólkinu - það er öryggisatriði fyrir unga knapa að komast inn að þjálfu þegar veður og færi er vont.

Leikja og þrautabrautadagur æskunnar fór fram á Sumardaginn fyrsta, þann 20. apríl. Hópaskipt var eftir aldri og sett upp braut í Samskipahöllinni fyrir polla og svo börn og unglinga. Tímataka var fyrir börn og unglinga en allir fengu glaðning í lokin, íspinna, candyfloss og sápukúlur.



Myndir frá þrautabrautar- og leikjadegi Sprettis vorið 2023.



Myndir frá sameiginlegum reiðtúrum á vegum félagsins.



Skjaskot af auglýsingum fyrir opna tíma hjá yngri flokkum í reiðhöllum Spretts.



Myndir úr opnum tíma þar sem farið var í leiki á hestbaki. Eltingaleikur er vinsæll sérstaklega þegar leikurinn er gerður aðeins erfiðari og eingöngu má klukka ístað eða hjálm eða eitthvað álíka sem gerir leikinn áhugaverðari og skemmtilegri.



Bíókvöldin hafa slegið í gegn og bingókvöld með vinum og fjölskyldu eru alltaf vinsæl.

Reiðskólinn Hestalíf

Á félagssvæði hestamannafélagsins Spretts er starfandi einn reiðskóli, reiðskólinn Hestalíf. Gott samstarf hefur verið við reiðskólann um að fá afnot af hestum og reiðtygjum, t.d. fyrir Hestamennsku námskeið á haustin þar sem ekki er gerð krafa um að nemendur mæti með hest heldur er það námskeið hugsað fyrir alla, hvort sem þeir eiga hesta/hafa aðgang að hesti eða ekki. Hestamannafélagið Sprettur styður við starfsemi reiðskólans með notkun á aðstöðu. Þetta samstarf hefur oft á tíðum skipt sköpum þar sem ljóst er að fjölmörg börn hafa áhuga á að stunda hestamennsku en hafa ekki aðgengi að hesti. Úr reiðskólanum hafa svo fjölmörg áhugasöm börn og unglingar fundið sína hillu í lífinu og tekið stökkið og keypt sér hest. Oftar en ekki fylgja heilu fjölskyldurnar með.



Myndir frá Reiðskólanum Hestalíf

Námskeiðahald

Æskulýðsnefnd í samstarfi við yfirþjálfara leggur mikla áherslu að boðið sé upp á fjölbreytt

úrval námskeið fyrir alla aldurshópa á öllum getustigum þannig að allir eigi þess kost að finna eitthvað við sitt hæfi. Það hefur verið stefna félagsins að greiða niður námskeiðsgjöld fyrir yngri flokkana og borga þau ekki fyrir notkun á aðstöðu, s.s. reiðhöll og dregst það því frá námskeiðsgjaldinu.

a. Pollaflokkur

Veturinn 2023 varð sprenging í þátttöku yngstu knapanna á námskeiðum, vetrarleikum og viðburðum hjá félaginu. Um 30 pollar sóttu námskeið meira og minna frá janúar til apríl. Námskeiðin voru ætluð yngstu knöpum félagsins og voru þeir á aldrinum 2 ára til 9 ára. Ákveðið var að hlúa sérstaklega vel að yngstu knöpum félagsins þetta árið og bauð æskulýðsnefnd því upp á námskeið fyrir þau endurgjaldslaust. Einstaklega gaman var að sjá hversu vel var tekið í þetta og að fylgjast með knöpunum ná árangri í sinni hestamennsku. Lokahnykkurinn á vetrarnámskeiðinu var svo þátttaka í Blue Lagoon mótaröðinni þar sem boðið var upp á keppni í pollaflokki. Settar voru upp keilur á langhlið og hlið á skammhlið sem yngstu knaparnir þurftu að ríða á milli eða í gegnum, upp á báðar hendur. Þetta mæltis einstaklega vel fyrir og var mikil ánægja með þessa viðbót og aðeins öðruvísi fyrirkomulag heldur en var á vetrarleikum félagsins.

Að loknu vetrarnámskeiðinu þar sem lögð var áhersla á jafnvægi og stjórnun í bland við leiki var ákveðið að bjóða upp á framhaldsnámskeið að vori til. Það var haldið bæði innan og utandyra. Kennt var inni í reiðhöll, úti í stóra gerði og svo á lokuðum hringvelli. Með því er verið að reyna að taka rökrétt en örugg skref í því að færa yngstu knapana úr reiðhöllinni og út í umhverfið.



Kátasti og sætasti flokkurinn – pollaflokkurinn. Metþátttaka hjá yngstu knöpunum í starfi félagsins veturinn 2023 sem var einkar ánægjulegt.

b. Barna-, unglunga- og ungmennaflokkur

Námskeiðahald fyrir yngri flokkana var mjög fjölbreytt. Kennd voru Knapamerki á öllum stigum bæði bóklegt og verklegt. Hestamennsku námskeiðin voru á sínum stað en þau eru

ætluð börnum og unglingum sem hafa ekki aðgang að hesti. Haldin eru námskeið bæði að hausti og að vetri til sem nær fram á vor og endar yfirleitt með þátttöku á Dymbilvikusýningu Sprettis um páska. Haldin voru námskeið í vinnu við hendi, hringteymingum og brokkspírurþjálfun. Boðið var upp á sætisæfinganámskeið. Sett voru upp styttri og lengri námskeið í formi einkatíma með fjölmörgum reiðkennurum. Nokkur helgarnámskeið voru í boði. Boðið var upp á sérstakt gangtegundanámskeið. Haldið var gæðingafiminámskeið sem endaði með æfingamóti í gæðingafimi. Mikill áhugi var fyrir hindrunarstökksnámskeiði en æskulýðsnefndin festi kaup á Poly Jumps hindrunum og dóti sem yngri flokkarnir (og fullorðnir) hafa verið mjög dugleg að nýta sér. Að loknum tveimur hindrunarstökksnámskeiðum, að vetri og vori, var ákveðið að halda hindrunarstöcksmót. Mótið tókst ótrúlega vel og það er lyginni líkast hversu flink krakkarnir eru í hindrunarstökki. Myndirnar tala sínu máli. Þegar fór að vora var einnig í boði útreiðarnámskeið þar sem þátttakendum er skipt í 2-3 manna hópa. Lögð er áhersla á að nýta náttúruna, brekkur og þýfi, til þjálfunar og kynna fyrir þeim notkun á hringgerðum og stórum reiðgerðum. Einnig er fjallað um hvað þarf að varast þegar fer að vora, hestarnir eflast og hvernig hægt er að tækla það.



Myndir frá námskeiðahaldi félagsins. T.v. frá útreiðarnámskeiði. T.h. frá námskeiði í formi einkatíma.

Mótahald á vegum Æskunnar

a. Blue Lagoon deildin

Er opin mótaröð fyrir alla knapa í yngri flokkum, frá pollaflokki til ungmennaflokks. Hægt er að keppa á einu móti eða öllum. Mótaröðin er styrkt af Blue Lagoon og hefur verið til nokkurra ára. Mótaröðin er haldin af foreldrum innan félagsins sem starfa með æskulýðsnefnd. Það hefur sýnt sig að það er mikilvægt að bjóða upp á mót/mótaröð fyrir yngri flokkana þar sem ekki allir komast að í liðum í deildum. Til leiks í mótaröðinni mæta keppendur víðsvegar af landinu, frá Suðurlandi til Norðurlands. Lögð er áhersla á að bjóða upp á keppni á mismunandi getustigum, t.d. keppni í T1, T3 og T7.



Myndir frá „keppni“ í pollaflokki á Blue Lagoon mótaröðinni. Ekki er raðað í sæti heldur er öllum keppendum veitt verðlaun og þakkað fyrir þátttöku.

b. Gæðingafimimót

Haldið var námskeið um gæðingafimi sem var í boði fyrir bæði fullorðna og yngri flokka. Að loknu námskeiðinu var efnt til æfingamóts. Fenginn var gæðingafimidómari til að aðstoða við að setja upp prógramm, tók með þeim eitt æfingarennslí og svo æfingamótið. Þetta reyndist mjög vel og fengu þau marga frábæra punkta sem nýttist þeim til góðs.

c. Hindrunarstöcksmót

Mótið var haldið að loknu námskeiði og var þátttaka með ágætum. Gríðarlega gaman var að fylgjast með keppendum hreinlega fljúga yfir hindranirnar. Mótið tókst vel, var einfalt og fljótlegt í uppsetningu og mjög skemmtilegt áhorfs. Allir voru sammála um að þetta þyrfti að endurtaka.



Myndir frá hindrunarstöcksmóti. Það voru ótrúleg tilþrif sem sáust og magnað að fylgjast með krökkunum hreinlega fljúga yfir hindranirnar.

d. Æfingamót innanhúss

Unglingar og Ungmennni höfðu óskað eftir því að haldin yrðu fleiri æfingamót þar sem þau gætu tekið sig upp á vídjó og fengið umsögn frá dómara. Haldin voru tvö slík rennslí og var

yfirleitt reynt að nýta höllina þegar búið var að setja upp keppnisvöllinn í Samskipahöllinni en einnig var völlurinn settur upp af foreldrum. Einn dómari dæmdi og yfirþjálfari skráði niður einkunnir og umsögn dómara. Knapar höfðu svo tækifæri á að ræða við dómara og fá einkunnir og umsögn senda í tölvupósti. Einfalt og fljótlegt en mjög árangursríkt fyrirkomulag sem skilaði heilmiklu til knapanna.

Félagshesthús

Hestamannafélagið Sprettur heldur úti félagshesthúsi sem hugsað er fyrir börn, unglinga og ungmenni sem vilja halda hest á húsi en hafa ekki aðgang að hesthúsi. Í félagshesthúsinu er umsjónarmaður á vegum félagsins sem er leigjendum innan handar með ýmis málefni tengd umhirðu og þjálfun hestanna. Það er afar mikilvægt að með þeim í húsinum sé vanur hestamaður sem þau geta leitað til. Félagshesthúsið hefur verið mjög eftirsóknarvert og hafa færri komist að en vilja sem er miður. Stjórn félagsins rær öllum árum að því að stækka félagshesthúsið í samstarfi við sveitarfélögin sem standa að baki hestamannafélaginu Spretti, Garðabær og Kópavogur. Það er því eitt af markmiðum félagsins að byggt verður stærra félagshesthús í náinni framtíð svo hægt sé að mæta þessari vaxandi eftirspurn, og vonandi verður hún með áfastri kennsluhöll.

Fjáröflun

Æskulýðsnefnd hefur verið mjög dugleg að standa fyrir allskonar fjáröflun og hafa ungir Sprettarar verið afar duglegir að taka þátt í henni. Æskulýðsnefndin hefur lengi stefnt að því að vera sjálfstæð fjárhagslega og hefur nú loksins eigin bankareikning sem gjaldkeri félagsins heldur utan um. Peningurinn sem hefur safnast verður og hefur verið nýttur til niðurgreiðslu á námskeiðum, kaup á búnaði, til hittinga og viðburða fyrir alla unga Sprettara. Sér fjáröflun fór svo fram fyrir þá ungu Sprettara sem eru að fara saman til Svíþjóðar á International Horse Show nú fyrstu helgina í desember 2023. Krakkarnir voru afar dugleg að taka þátt og náðu að greiða ferðina meira og minna með fjáröflunarfé. Haldið var bingó í tvígang, seld bingóspjöld, unnið var í sjoppum á nær öllum mótum vetrarins og kom Hestamannafélagið Sprettur til móts við unga fólkið og styrkti þau með ágóðanum af sjoppusölunni. Haldið var vöflukaffi sem Sprettur styrkti unga fólkið einnig um ágóðann af sölunni, dósasöfnun þar sem félagsmenn komu með dósapoka og skildu eftir í hestakerru fyrir utan reiðhöllina og síðan var farin ferð í Endurvinnsluna, sala á húfum merktum Spretti, félagsmenn voru afar gjafmildir og gáfu folatolla sem ungir sprettarar nýttu til happdrættis á Dymbilvikusýngu Sprettis, haldinn var flóamarkaður með notuð hestaföt og nú á haustmánuðum fjáröflun á einstaklingsgrunni þar sem fór fram sala á ýmsum vörum t.d. eggjum, gulrætum, kleinum og öðru góðgæti. Mikilvægt er fyrir æskulýðsnefndina að geta haft fjáraflanir til halda áfram að

styrkja starfið og nýta kraftinn í unga fólkinu sem er afar hugmyndaríkt og lausnamiðað.



Myndir teknar af börnum og unglíngum við fjáröflun.

Utanlandsferð - Sweden International Horse Show

Heitasta ósk unga fólksins var að fara saman á hestasýningu í Svíþjóð. Háleitt markmið en með miklum dugnaði, frábærum hugmyndum að fjáröflunum og þrotlausri vinnu tókst þeim að safna sér fyrir ferðinni að nær öllu leyti. Allir voru velkomnir með en gerð var lágmarkskrafa um þátttöku í fjáröflun til að fá hluta af fjárhæðinni greidda. Ferðin er fyrirhuguð núna 30.nóvember - 2.desember 2023, þá fer saman rúmlega 40 manna hópur frá hestamannafélaginu Spretti, börn, unglíngar og ungmenni sem og fullorðinn fylgdarmaður. Flogið verður með Ícelandair til Stokkhólms, tekin rúta saman til Solna og gista allir á sama hótelinu við hliðina á sýningarvæðinu. Farið verður á sýningar í höllinni alla dagana og sameiginlegur kvöldverður eitt kvöld. Utanlandsferðin er eitt en það sem stendur upp úr eftir árið er öll samvinnan og samverustundirnar í vetur þar sem börn, unglíngar og ungmenni hafa markvisst unnið að sama markmiðinu og tilhlökkunin í hópnum er mikil.

Yfirþjálfari

Frá yfirþjálfara yngri flokka, Þórdís Anna Gylfadóttir reiðkennari:

“Ég er í skemmtilegasta starfi í heimi. Starf sem felur í sér að vinna með ungu fólki sem hefur einlægán áhuga á hestum. Orkan og gleðin sem skín af þeim er einstök. Hugmyndirnar og

krafturinn í þeim er smitandi og eftir samveru, hittinga og fundi með yngri flokka ráðunum eflist maður í starfi, verður þakklátur og finnur hversu gefandi það er að vinna með ungu fólki. Mér finnst eftirtektarvert hversu opin og einlæg þau eru og ég met traust þeirra mikils. Þau eru óeigingjörn, hugsa um stóru myndina og vilja öllum vel hvort sem um er að ræða dýr eða menn. Þó svo að helstu umræðuefni okkar eru um hesta og allt sem þeim tengist þá ræða þau líka hversu miklu máli það skiptir að jákvæður, heiðarlegur og góður við alla - hvort sem er í leik eða keppni. Það er þeim mikilvægt að láta gott af sér leiða, hvort sem er til umhverfisins eða þeirra sem minna mega sín og það er eitthvað sem allir gætu tekið til sín. Það voru fjölmörg námskeið í boði fyrir yngri flokkana á síðasta starfstímabil og lögð var mikil áhersla á að ALLIR ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, sem ég held að okkur hafi tekist. Það sem stóð upp úr vetrinum var metþátttaka yngstu knapa Spretts á pollanámskeiðum félagsins en um 30 pollar tóku þátt í starfinu sem var ótrúlega skemmtilegt.”

Framtíðin

Æskulýðsnefnd leggur áherslu á að vinna markvisst að því í framtíðinni að hestamennska sé raunhæfur kostur fyrir öll áhugasöm börn og unglinga, óháð aðgengi að hestum og fjárhag foreldra. Jafnframt að börn og unglingar hafi tækifæri til að stunda sína hestamennsku, kynnast öðrum börnum og unglingum með sama áhugamál og taka virkan þátt í félagsstarfi, óháð því hvort þau taka þátt í keppnum eða ekki. Mikilvægt er að leggja áfram áherslu á að efla félagsleg tengsl innan hópsins, enda hefur það skilað mjög góðum árangri undanfarið. Það er gríðarlega mikilvægt að finna fleiri leiðir, einfaldar og skilvirkar, fyrir áhugasöm börn og unglinga til að stunda hestamenskuna sem ekki hafa bakland því við vitum og finnum að áhuginn er mikill. Það er starf sem Landssamband hestamannafélaga þarf að leiða. Áhugi er fyrir því hjá yngra flokka ráðum Spretts að efla samstarfið milli hestamannafélaganna og verður farið í þá vinnu nú á komandi vetri. Það er gríðarlegur auður í félagsmönnum hvers hestamannafélags og ekki síst í yngri flokkum félagsins, þau vilja leggja sig af mörkunum og fá að tilheyra félaginu og taka þátt í allskonar verkefnum, stórum sem smáum. Eins og áður hefur komið fram þá hefur heilmikið áunnist í starfi æskulýðsnefndar Spretts, skemmtilegir viðburðir og nýjar hefðir sem vonandi eru komnar til að vera. Árangur vetrarins mælum við ekki síst úr frá gleðinni sem starfið hefur skilað sér.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Spretts,

Þórunn Hannesdóttir

Erla Magnúsdóttir

Inga Berg Gísladóttir